

## 2006 nr. 61 14. júní

### Lög um lax- og silungsveiði

**Tóku gildi 1. júlí 2006.** *Breytt með l. 167/2007 (tóku gildi 1. jan. 2008), l. 81/2008 (tóku gildi 1. júlí 2008), l. 119/2009 (tóku gildi 29. des. 2009), l. 123/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), l. 47/2011 (tóku gildi 20. maí 2011), l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), l. 131/2011 (tóku gildi 1. jan. 2012), l. 157/2012 (tóku gildi 3. jan. 2013), l. 14/2014 (tóku gildi 13. febr. 2014), l. 50/2015 (tóku gildi 15. júlí 2015), l. 67/2015 (tóku gildi 1. jan. 2016), l. 113/2015 (tóku gildi 1. júlí 2016) og l. 29/2018 (tóku gildi 15. maí 2018).*

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málfefnasvið sé tilgreinir sérstaklega eða til þess vísað, er átt við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra eða atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti sem fer með lög þessi.

#### I. kaffli. Markmið og gildissviði.

##### ■ 1. gr. Markmið.

□ Markmið laga þessara er að kveða á um veiðirétt í ferskvatni og skynsamlega, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu fiskstofna í ferskvatni og verndun þeirra.

##### ■ 2. gr. Gildissviði.

□ Ákvæði laga þessara gilda um alla veiði úr ferskvatnsfiskstofnum á íslensku forráðasvæði, nema aðra skipan leiði af ákvæðum annarra laga.

##### ■ 3. gr. Skilgreiningar.

□ Í lögum þessum, reglugerðum og reglum, settum á grundvelli þeirra, er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Afréttur:* Landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé.

2. *Almenningur í stöðuvatni:* Sá hluti stöðuvatns sem er fyrir utan 115 m breitt vatnsbelti (netlög) landareigna þeirra sem að vatninu liggja.

3. *Á:* Straumvatn frá ósasvæði til upptaka.

4. *All:* Sá staður langs eftir vatni, stöðuvatni eða straumvatni þar sem dýpi er mest milli grynnings eða sandeyra sem eigi teljast bakkar. Nú eru álar fleiri en einn og heitir sá höfuðáll sem vatnsmestur er.

5. *Aveita:* Mannvirki sem notað er til þess að veita vatni á land.

6. *Bakki:* Fast takmark á farvegi straumvatns eða legi stöðuvatns, svo sem klettar, gróði land eða eyrar sem vatn fellur eigi yfir í meðalvexti eða sjór um stórstraumsflæði.

7. *Eignarland:* Landsvæði, þar með talið innan netlaga í stöðuvötnum og sjó, sem er háð einkaeignarrétti þannig að eiganzi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.

8. *Farvegur:* Vatnsleg sem vatnsvall rennur eftir, hvort heldur af manna völdum eða náttúru.

9. *Fasteigni:* Afmarkaður hluti lands, ásamt eðlilegum hlutum þess, lífrænum og ólífrænum, og mannvirki sem varanlega er við landið skeytt.

10. *Ferskvatnsvistkerfi:* Tiltekið svæði þar sem vatnadýrtengjast hvert öðru og umhverfi sínu á einn eða annan hátt.

11. *Fiskeldi:* Geymsla, gæsla og föðrun vatnafiska og annarra vatnadýra, klak- og seiðaeldi, hvort sem er í söltu eða ósöltu vatni.

12. *Fiskför:* För fisks um veiðivatn.

13. *Fiskigengd:* Sá fjöldi fiska sem gengur í veiðivatn eða elst upp í veiðistærð í veiðivatni.

14. *Fiskihverfi:* Veiðivatn eða -vötn sem sami fiskstofn byggir og fer um fram og aftur eða ætla má að sami fiskstofn byggi og fari um fram og aftur þá er ræktaður hefur verið.

15. *Fiskrækt:* Hvers konar aðgerðir sem ætla má að skapi eða auki fisk í veiðivatni eða arð af veiðivatni.

16. *Fiskstofn:* Hópur fiska sömu tegundar sem hrygnir á tilteknun stað og tíma en gerir það ekki í neinum mæli með öðrum hópum á öðrum stað eða tíma.

17. *Fiskur:* Lax (*Salmo salar*), silungur (urriði (*Salmo trutta*), bleikja (*Salvelinus alpinus*) og regnbogasilungur (*Oncorhynchus mykiss*)), áll (*Anguilla anguilla* og *Anguilla rostrata*) eða annar vatnafiskur ef ræktaður verður.

18. *Fiskvegur:* Hvers konar mannvirki er gerir veiðivötn fiskgeng eða greiðir fiskför um þau.

19. *Framkvæmd í veiðivatni:* Hvers konar framkvæmd í og við veiðivatn, svo sem mannvirki, efnistaka eða jarðrask, sem hefur áhrif á lífríki, rennslí, veiði og ásýnd veiðivatns.

20. *Föst veiðivél:* Veiðitækni sem fest er í vatni og fiskur getur ánetjast í eða króast af, svo sem lagnet, króknet og girðing.

21. *Geldstofn:* Vatnafiskur sem ekki framleiðir frjóar kynfrumur.

22. *Göngusilungur:* Silungur er gengur úr sjó í ósalt vatn, svo sem sjóbirtingur (urriði) og sjóreyður (bleikja).

23. *Hafþeit:* Slepping gönguseiða til sjógöngu og föngun þeirra sem fullvaxta fiska á sleppistað þegar þeir ganga úr sjó í ferskvatn, annaðhvort til slátrunar eða flutnings í annað veiðivatn til endurveiða.

24. *Háflæði:* Mesta rennslí eða hækkun á vatnsborði sem verður að jafnaði oftar en annað hvert ár í ólögdum vatni og þegar auð er jörð.

25. *Jörð:* Lögbýli samkvæmt ábúðarlögum.

26. *Kyisl:* Hluti af straumvatni sem fellur sér milli bakka.

27. *Lagardýr:* Öll dýr með kalt blóð sem lifa og geta afkvæmi í sjó eða fersku vatni.

28. *Lögn:* Staður í vatni þar sem fastri veiðivél verður við komið.

29. *Merkivatn:* Vatn það sem landamerkjum ræður.

30. *Netlög:* Vatnsbotn 115 metra út frá bakka landareignar að stöðuvatni, svo og sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.

31. *Ós í á:* Sá staður þar sem straumur þverár sameinast straumi höfuðár.

32. *Ós í sjó:* Sá staður þar sem straumur ár hverfur í sjó um stórstraumsfjörö.

33. *Ós í stöðuvatn:* Sá staður þar sem straumur ár hverfur í stöðuvatn.

34. *Ós úr stöðuvatni:* Sá staður þar sem straumlína ár hefst í stöðuvatn.

35. *Ósasvæði:* Svæði í straumvatni er nær frá ósi í sjó upp til þess staðar þar sem straumlína hverfur um stórstraumsflæði.

36. *Rennsli:* Hreyfing vatns, hvort heldur er af manna völdum eða náttúru.

37. *Sjálfbær nýting fiskstofna:* Nýting þar sem ekki er gengið á fiskstofn. Eftir veiði er hrygningarástofn nægilega stór til þess að tryggja eðlilega nýliðun og til þess að viðhalda fjlölbreytileika stofnsins.

38. *Sjávarfiskur:* Fiskur sem lifir allan sinn lífsferil í sjó.

39. *Sjór:* Salt vatn utan árósa.

40. *Straumlína (strengur):* Lína sem liggur eftir endilöngu straumvatni um þá staði þess þar sem straumur er mestur.

41. *Straumvatn:* Ósalt vatn, á eða ósasvæði sem í er greinilegur straumur, þá er enginn vöxtur er í, og um stórstraumsfjöru.

42. *Stöðuvatn*: Ósalt vatn sem eigi er í greinilegur straumur annar en sá sem stafar af sjávarföllum, vindi eða aðrennsli í leysingum.

43. *Vatn*: Ósalt vatn með föstu legi eða farvegi, straumvatn eða stöðuvatn.

44. *Vatnadyr*: Öll dýr með kalt blóð sem lifa að hluta eða allan sinn lífsferil í fersku vatni.

45. *Vatnafiskur*: Fiskur sem lifir að hluta eða allan sinn lífsferil í fersku vatni.

46. *Vatnasilungur*: Silungur sem elur allan aldur sinn í ósöltu vatni, svo sem vatnaurriði, vatnableikja (reyður), lækjasilungur og murta.

47. *Vatnsfall*: Rennandi vatn í afmörkuðum farvegi, þó að tíma- og staðbreytilegur sé, sem rennur undan þyngdaraflinu niður á við.

48. *Vatnsleg*: Lægð í landi, sem vatn stendur í, vatnsfall eða stöðuvatn, ásamt tilheyrandi botni og bökkum allt að vatnsborðsstöðu við háflæði. Lönd sem flæðir yfir ofan háflæðis teljast ekki til vatnslegs.

49. *Vatnsmiðlun*: Geymsla og miðlun vatns til þess að breyta náttúrulegu vatnsmagni straumvatns (vatnsfalls) eða til þess að stýra rennsli vatns.

50. *Vatnsnyting*: Vatnstaka, veiting eða virkjun vatns til heimilis- og búsparfa, í arðsemisskyni eða til að verja fasteign spjöllum.

51. *Vatnsveita*: Mannvirki til að flytja vatn til notenda.

52. *Vatnsvirki*: Mannvirki umhverfis vatn, í eða yfir vatni eða við það.

53. *Veiðifélag*: Félag allra veiðiréttarhafa í sama fiskihverfi, veiðivatni eða landsvæði, sbr. 38. gr.

54. *Veiðihlutur*: Hundraðshlut jarðar í veiði vatns samkvæmt arðskrá.

55. *Veiðimagn*: Samanlögð þyngd veiddra fiska.

56. *Veiðimál*: Hvers konar mál er lúta að lax-, silungs- og álaveiði, fiskrækt eða fiskeldi.

57. *Veiðiréttarhafi*: Sá einstaklingur sem á hverjum tíma fer með rétt fasteignar til veiði, sbr. fyrirmæli II. kafla laga þessara.

58. *Veiðitala*: Tala veiddra fiska.

59. *Veiðivatn*: Á eða stöðuvatn sem veiði er í eða mætti í vera ef fiskur væri ræktadur þar.

60. *Veiðivél*: Sjá föst veiðivél.

61. *Villtur fiskstofn*: Fiskstofn þar sem meiri hluti fisks er klakinn í náttúrulegu umhverfi, elst þar upp og er kominn undan villtum foreldrum.

62. *Pjódlenda*: Landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.

63. *Örmerkingar*: Merkingar á laxi með málmlísum í trjónuna.

■ 4. gr. [Lax- og silungsveiðisvið.]<sup>1)</sup>

□ [Framkvæmd stjórnsýslu og eftirlits samkvæmt lögum þessum skal vera á sérstöku svíði Fiskistofu sem nefnist lax- og silungsveiðisvið. Fiskistofustjóri ræður svíðsstjóra til að stýra því svíði. Skal hann hafa háskólapróf sem nýttist honum í starfi og heyra undir fiskistofustjóra.]<sup>1)</sup>

□ Í samræmi við fyrirmæli einstakra greina laga þessara er ráðherra heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd þeirra í reglugerð.

□ Þegar talað er um reglur í lögum þessum er átt við svæðis- og tímabundnar reglur sem [Fiskistofa]<sup>1)</sup> setur á grundvelli

laganna eða reglugerða ráðherra sem settar eru með stoð í lögum þessum.

□ Við setningu reglugerða og reglna samkvæmt lögum þessum skal leita faglegra umsagna eftir því sem við kann að eiga, þar með talið frá viðkomandi veiðifélögum eða veiðiréttarhöfum.

□ Öll veiðifélög samkvæmt ákyæðum VI. kafla laga þessara hafa með sér landssamtök, Landssamband veiðifélaga, sem gætir sameiginlegra hagsmunu þeirra.

<sup>1)</sup> L. 81/2008, 8. gr.

#### ■ [4. gr. a. Veiðieftirlitsmann]

□ Fiskistofa skipar eftirlitsmann með veiði samkvæmt lögum þessum þar sem purfa þykir enda æski þess veiðifélag eða veiðiréttarhafar, þar sem veiðifélag hefur ekki verið stofnað, og greiði kostnað af eftirlitinu. Á sama hátt skipar Fiskistofa eftirlitsmann með klaköflun þar sem purfa þykir og greiðir viðkomandi klakleyfishafi kostnað sem af þessu leiðir.

□ Fiskistofa er heimilt að skipa eftirlitsmann með því að bann við laxveiðum í sjó sé virt. Kostnaður við störf þeirra greiðist úr ríkissjóði.

□ Eftirlitsmann skulu hafa nákvæmar gætur á því að veiði í umdæmi þeirra sé stunduð með lögglegum hætti. Þeir safna skýrslum, m.a. skulu þeir gera skrár um veiðivélar, lagnir og drætti í umdænum sínum og sjá um merkingu veiðarfæra. Nánari fyrirmæli um starfsemi eftirlitsmanna setur Fiskistofa í erindisbréfi.

□ Eftirlitsmann skulu eiga frjálsa för um veiðivatn, meðfram því og um netlög í sjó eftir því sem þörf krefur. Þeir hafa vald til að taka upp ólögleg veiðitækni eða veiðitækni sem notuð eru á óleyfilegum tíma eða óleyfilegum stað.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 81/2008, 9. gr.

#### II. kaffi. Um veiðirétt.

##### ■ 5. gr. Veiðiréttur

□ Eignarlandi hverju fylgir veiðiréttur í vatni á eða fyrir því landi, enda sé ekki mælt fyrir um aðra skipan í lögum.

□ Í þjódlendum er íslenska ríkið eigandi veiðiréttar samkvæmt lögum þessum með þeim takmörkunum sem leiðir af veiðirétti afréttareigenda, sbr. ákvæði 7. gr.

□ Ábúð á jörð fylgir veiðiréttur sem jörðinni tilheyrir, nema á annan veg semjist milli jarðeiganda og ábúanda.

□ Þegar vatn skilur fasteignir, sem veiðiréttur fylgir, er landeiganda einum heimil veiði fyrir landi sínu. Mönnum er þó ævinlega heimil fór í annarra land til þess að koma í veg fyrir missi afta eða koma í veg fyrir tjón á veiðibúnaði. Ávallt skulu þeir gæta þess að valda sem minnstri röskun á hagsmunum nágranna og bæta tjón ella á grundvelli mats skv. VII. kafla laga þessara.

□ Ef farvegur straumvatns breytist eða stöðuvatn tekur sér nýtt leg færst veiðiréttur til eigenda þeirra fasteigna er land eiga undir, sbr. þó 7. og 8. gr. vatnalaga, nr. 15/1923.

##### ■ 6. gr. Veiðiréttur í almenningi stöðuvatns

□ Fasteignaeigendum, er land eiga að stöðuvatni, er einum heimil veiði í almenningi vatnsins, þar með talin dorgveiði um ís, og er hún þeim öllum jafnheimil. Ef forn venja er til þess að veiðiréttur í almenningi stöðuvatns fylgi tiltekinni eða tilteknun fasteignum gildir sú skipan mála.

##### ■ 7. gr. Veiðiréttur á afrétti í þjódlendu

□ Peim jörðum sem rétt eiga til upprekstrar á afrétt í þjóðlendu fylgir veiðiréttur í vötnum þeim sem á þeim afrétti eru, með sama hætti og verið hefur. Veiðifélag fer að jafnaði með hagnýtingu og ráðstöfun veiði í slískum vötnum.

■ **8. gr.** *Veiðiréttur í óskiptri sameign.*

- Ef fasteign eða veiðiréttur samkvæmt lögum þessum er í óskiptri sameign er sameigendum öllum veiði jafnheimil.
- Rétt er þeim er telur sig vanhaldinn að krefjast skipta á veiði, annaðhvort þannig að hvor eða hver hafi sinn hluta vatns eða veiði sinn tíma, dag eða vikur, í samræmi við eignarhluta sinn. Skal skorið úr um skiptinguna með mati skv. VII. kafla laga þessara náist samkomulag ekki.

■ **9. gr.** *Aðskilnaður veiðiréttar frá fasteign.*

- Ekki má skilja veiðirétt að nokkru leyti eða öllu frá fasteign, hvorki fyrir fullt og allt né um tiltekinn tíma. Ráðherra getur þó, að fenginn jákvæðri umsögn [Fiskistofu]<sup>1)</sup> veitt undanþágu frá banni þessu. Á lögbýlum, þar sem stundaður er landbúnaður, skal þess gætt við veitingu undanþágu að aðskilnaður valdi því ekki að torvelt verði eftirleiðis að stunda þar landbúnað. Þá má slíkur aðskilnaður ekki valda hættu á því að fiskstofnar viðkomandi veiðivatns verði ofnýttir.
- Prátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að skilja stangveiðirétt frá fasteign um tiltekinn tíma, allt að tíu árum. Ef ekki er á annan veg samið felst í slíkri ráðstöfun afsal veiðiréttarhafa á rétti til annarrar veiði en stangveiði á umsömu tímabili.

<sup>1)</sup> L. 81/2008, 8. gr.

■ **10. gr.** *Innlausnarréttur.*

- Veiðiréttindi ein og sér, sem skilin hafa verið frá fasteign fyrir gildistöku laga þessara, er eigendum fasteigna þeirra sem rétturinn hefði ella fylgt, sbr. 5. gr., rétt að leysa til sín, hverjum á og fyrir sínu landi að fengnu leyfi ráðherra. Áður en afstaða er tekin til slíkrar leyfisveitingar skal leita umsagnar [Fiskistofu]<sup>1)</sup> og viðkomandi veiðifélags eða veiðiréttarhafa, hafi veiðifélag ekki verið stofnað.
- Ef hinn fráskildi veiðiréttur liggur um eða fyrir landi fleiri en einnar fasteignar þarf hið minnsta samþykki  $\frac{3}{4}$  hluta þeirra er veiðiréttur upphaflega tilheyrði. Um vægi atkvæða fer samkvæmt reglum þeim er gilda um atkvæðisrétt í veiðifélagi eftir því sem við á, í samræmi við fyrirmæli VI. kafla laga þessara.
- Þegar innlausnar er krafist, en þó ekki af hálfu allra þeirra fasteignareigenda er innlausnarrétt eiga, getur eindandi veiðiréttarins krafist þess að þeir landeigendur sem innlausnar krefjast leysi jafnframt til sín veiðirétt þeirra sem ekki vilja innleysa.
- Ef ágreiningur er um verðmæti innleyssts veiðiréttar fer um mat skv. VII. kafla laga þessara.
- Ef innlausnar samkvæmt grein þessari er ekki krafist innan fimm ára frá gildistöku laganna fellur innlausnarrétturinn niður.

<sup>1)</sup> L. 81/2008, 8. gr.

■ **11. gr.** *Ófriðun sels.*

- Ef selur er í veiðivatni, ósi þess eða ósasvæði er þeim er veiðirétt eiga samkvæmt lögum þessum heimilt að styggja hann og skjóta.
- Nú fara ekki saman nytjar sellátra og selalagna annars vegar og nýting og viðkoma lax og göngusilungs í veiðivatni hins vegar. Getur [Fiskistofa]<sup>1)</sup> þá, að ósk veiðifélags eða veiðiréttarhafa og að fenginn umsögn [Hafrannsóknastofnunar]<sup>2)</sup> og Náttúrufræðistofnunar Íslands, heimilað ófriðun sellátursins og upptöku allra selalagna í eða við það veiðivatn eða fiskihverfi.
- Ef sannað þykir að aðgerðir þær sem [Fiskistofa]<sup>1)</sup> heimilar skv. 2. mgr. hafi í för með sér tjón á fjárhagslegum hagsmunum þeirra er sellátur eiga eða nytja skulu veiðiréttarhafar

þeir er aðgerðanna óska bæta tjónið. Bætur skulu ákveðnar með mati skv. VII. kafla laga þessara.

<sup>1)</sup> L. 81/2008, 8. gr. <sup>2)</sup> L. 113/2015, 7. gr.

■ **12. gr.** *Skráning veiðivatna.*

- Skrá skal öll veiðivötn og veiðiréttarhafa og annast [Fiskistofa]<sup>1)</sup> þá skráningu.
- Við gerð og frágang skrár skv. 1. mgr. skal þess gætt að samræmi sé milli hennar og annarra skráa sem haldnar eru lögum samkvæmt af opinberum aðilum og geyma upplýsingar um eiginleika og eignarhald fasteigna.
- Veiðiréttarhöfum er skyldt að veita [Fiskistofu]<sup>1)</sup> þær upplýsingar sem hún óskar eftir og nauðsynlegar eru skráningarinnar vegna.
- Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um skráningu veiðivatna og þær upplýsingar sem við slíka skráningu skulu liggja fyrir.

<sup>1)</sup> L. 81/2008, 8. gr.

■ **13. gr.** *Veiðiskýrslur.*

- Gera skal skýrslu um veiði í sérhverju veiðivatni og netlögum sjávarjarða og hvílir skylda til skýrslugjafar á handhafa veiðiréttar og sérhverjum þeim er veiði stundar.
- [[Hafrannsóknastofnun]<sup>1)</sup> safnar veiðiskýrslum í samræmu formi sem stofnunin útbýr og leggur til í umboði Fiskistofu. Veiðiskýrslur teljast opinber gögn og almennar upplýsingar úr veiðiskýrslum skulu jafnframt vera aðgengilegar almenningu sem og öðrum rannsóknar- og ráðgjafaraðilum samkvæmt ákvörðun Fiskistofu.]<sup>2)</sup>
- Veiðifélög eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki er veiðifélag, skulu sjá til þess að skýrslur séu gefnar um veiði í sérhverju veiðivatni og að þeim sé skilað til [Fiskistofu].<sup>3)</sup> . . .<sup>2)</sup>
- Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um skráningu veiði.

<sup>1)</sup> L. 113/2015, 7. gr. <sup>2)</sup> L. 81/2008, 10. gr. <sup>3)</sup> L. 81/2008, 8. gr.

■ **14. gr.** *Laxveiðar í sjó.*

- Ekki má veiða lax í sjó. Veiðist lax í veiðitæki í sjó skal sleppa honum strax aftur.

■ **15. gr.** *Veiðar göngusilungs í sjó.*

- Ekki má veiða göngusilung í sjó. Slíkar veiðar eru þó heimilar í netlögum sjávarjarða og skulu þær hlíta sömu reglum og veiði silungs í ósöltu vatni eftir því sem við getur átt.
- Við veiðar göngusilungs í fastar veiðivellar í netlögum einstakra sjávarjarða skal miða við þann netafjölda sem viðkomandi fasteign hafði síðustu fimm ár fyrir gildistöku laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957. [Fiskistofa]<sup>1)</sup> skal halda skrá um framangreindan rétt sjávarjarða til netaveiði í netlögum og sinna eftirliti með þeim veiðum í samræmi við ákvæði laga þessara.

- Á tímabilinu 1. apríl til 1. október ár hvert má ekki leggja net né hafa ádrátt í sjó nær ósi straumvatns, sem fiskur gengur í, en 1.500 metra ef meðalvatnsmagni ár er innan við 25 m<sup>3</sup> á sekúndu en 2.000 metra ef vatnsmagnið er meira. Gangi lax í straumvatn má þó alrei leggja net né hafa ádrátt í sjó nær en 2.000 metra. Á framangreindu tímabili má ekki leggja net né hafa ádrátt í sjó nær hafbeitarstöð í starfrækslu en 1.500 metra.

- Ef stangveiði er stunduð í netlögum sjávarjarða á svæðum þeim sem tilgreind eru í 3. mgr. er eiganda sjávarjarðar skyldt að hafa fullt samráð við veiðifélög eða veiðiréttarhafa, þar sem ekki er veiðifélag, og eigendur viðkomandi hafbeitarstöðvar.

- [Fiskistofu]<sup>1)</sup> er að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni veiðifélaga eða veiðiréttarhafa, þar sem ekki eru veiðifélög, sem hagsmunu eiga að gæta heimilt með reglum<sup>2)</sup> að takmarka eða banna á tilteknunum svæðum og um tiltekinn tíma veiði silungs samkvæmt grein þessari, ef slíkt er nauðsynlegt, til þess að tryggja fiskigengd í nærliggjandi veiðivötnum.
- Ef sannað þykir að takmarkanir skv. 5. mgr. hafi í för með sér tjón á fjárhagslegum hagsmunum eiganda sjávarjarðar skulu þeir bæta honum tjónið sem takmörkunin er til hagsbóta fyrir. Bætur skulu ákveðnar með mati skv. VII. kafla laga þessara.
- [Fiskistofa]<sup>1)</sup> setur nánari reglur<sup>2)</sup> um netaveiði göngusilungs í sjó.

<sup>1)</sup> L. 81/2008, 8. gr. <sup>2)</sup> Rgl. 138/2013. Rgl. 400/2015. Rgl. 543/2017.

#### ■ 16. gr. Takmarkanir á veiði sjávarfiska.

- Að fenginni heimild [þess ráðuneytis er fer með mállefni sjávarútvegs]<sup>1)</sup> getur [Fiskistofa]<sup>2)</sup> að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni veiðifélags eða veiðiréttarhafa takmarkað eða bannað veiði sjávarfiska framan við árosa straumvatna ef sýnt þykir að slíkar veiðar geti spilt fiskigengi í viðkomandi veiðivötnum eða að slíkt er af öðrum ástæðum nauðsynlegt til verndar fiskstofnum veiðivatnsins. Áður en gripið er til slíkrar takmörkunar eða banns skal leita umsagnar [Hafrannsóknastofnunar].<sup>3)</sup>
- Ef sannað þykir að takmarkanir skv. 1. mgr. á veiðum innan netlaga hafi í för með sér tjón á fjárhagslegum hagsmunum tiltekins landeiganda skulu þeir bæta tjónið sem takmörkunin er til hagsbóta fyrir. Bætur skulu ákvarðaðar með mati skv. VII. kafla laga þessara.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 428. gr. <sup>2)</sup> L. 81/2008, 8. gr. <sup>3)</sup> L. 113/2015, 7. gr.

#### ■ 17. gr. Veiðitími lax.

- Laxveiðar eru heimilar á tímabilinu frá 20. maí til 30. september ár hvert, en þó aðeins í 105 daga innan þess tímabils. [Fiskistofu]<sup>1)</sup> er heimilt, að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar],<sup>2)</sup> að lengja veiðitíma í allt að 120 daga og allt til 31. október ár hvert í þeim veiðivötnum þar sem fyrst og fremst er veitt úr stofnum sem viðhaldið er með viðvarandi sleppingu seiða. Þá er [Fiskistofu],<sup>1)</sup> að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar],<sup>2)</sup> heimilt að lengja um allt að fimmtíð daga veiðitímabil skv. 1. másl. í þeim veiðivötnum þar sem öllum laxi er sleppt.
- Á veiðitíma þeim sem um getur í 1. mgr. skal lax vera friðaður fyrir allri veiði a.m.k. 84 stundir í viku hverri. Netaveiði má aldrei stunda frá föstudagskvöldi klukkan 22 til þriðjudagsmorguns klukkan 10.
- Ef lax veiðist á tímabilinu frá 1. apríl og þar til veiðitími skv. 1. mgr. hefst er skylt að sleppa slíkum fiski.
- Veiðifélög eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki eru veiðifélög, skulu setja nánari reglur um veiðitíma og veiðitakmarkanir í einstökum veiðivötnum. Slíkar reglur, nýtingaráætlun, skal [Fiskistofa]<sup>1)</sup> staðfesta að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar].<sup>2)</sup> Sinni veiðifélög eða veiðiréttarhafar ekki þessari skyldu sinni getur [Fiskistofa],<sup>1)</sup> að eigin frumkvæði, sett slíkar reglur.
- Í reglum skv. 4. mgr. er m.a. heimilt að kveða á um eftirfarandi atriði:

- a. fjölda veiðidaga skv. 1. mgr.,
- b. takmarkanir á notkun tiltekinna veiðitækja á ákveðnum tímabilum,
- c. ákvörðun um daglegan veiðitíma,
- d. ákvörðun um mörk veiðisvæða.

<sup>1)</sup> L. 81/2008, 8. gr. <sup>2)</sup> L. 113/2015, 7. gr.

#### ■ 18. gr. Veiðitími göngusilungs.

- Veiðar göngusilungs eru heimilar frá 1. apríl til 10. október ár hvert, en í veiðivatni, þar sem megnið af veiðinni er villtur laxastofn, skulu lok veiðítíma miðast við 30. september ár hvert. Þó getur [Fiskistofa],<sup>1)</sup> að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar],<sup>2)</sup> heimilað stangveiðar utan þess veiðitíma í veiðivötnum þar sem slíkar veiðar hafa verið stundaðar.

- Á veiðitíma þeim sem um getur í 1. mgr. skal göngusilungur vera friðaður gegn allri veiði 84 stundir í viku hverri. Netaveiði má aldrei stunda frá föstudagskvöldi klukkan 22 til þriðjudagsmorguns klukkan 10.

- Veiðifélög eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki eru veiðifélög, skulu setja nánari reglur um veiðitíma og veiðitakmarkanir í einstökum veiðivötnum. Slíkar reglur, nýtingaráætlun, skal [Fiskistofa]<sup>1)</sup> staðfesta að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar].<sup>2)</sup> Sinni veiðifélög eða veiðiréttarhafar ekki þessari skyldu sinni getur [Fiskistofa],<sup>1)</sup> að eigin frumkvæði, sett slíkar reglur.

- Í reglum skv. 3. mgr. er m.a. heimilt að kveða á um eftirfarandi atriði:

- a. fjölda veiðidaga skv. 1. mgr. vegna dorgveiði,
- b. takmarkanir á notkun tiltekinna veiðitækja á ákveðnum tímabilum,
- c. ákvörðun um daglegan veiðitíma,
- d. ákvörðun um mörk veiðisvæða.

<sup>1)</sup> L. 81/2008, 8. gr. <sup>2)</sup> L. 113/2015, 7. gr.

#### ■ 19. gr. Veiðitími vatnasilungs.

- Veiðar á vatnasilungi eru heimilar frá 1. janúar til 31. desember ár hvert.

- Veiðifélög eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki eru veiðifélög, skulu setja nánari reglur um veiðitíma og veiðitakmarkanir í einstökum veiðivötnum. Slíkar reglur, nýtingaráætlun, skal [Fiskistofa]<sup>1)</sup> staðfesta að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar].<sup>2)</sup> Sinni veiðifélög eða veiðiréttarhafar ekki þessari skyldu sinni getur [Fiskistofa],<sup>1)</sup> að eigin frumkvæði, sett slíkar reglur.

- Í reglum skv. 2. mgr. er m.a. heimilt að kveða á um eftirfarandi atriði:

- a. alfríðun veiðivatns um tiltekið tímabil,
- b. tímabundna friðun innan veiðitímabils, t.d. um ákveðinn daga- eða vikufjölda,
- c. takmarkaðar veiðar til heimilisþarfa á friðunartíma,
- d. friðun vatnasilungs á hrygningaráðvum,
- e. ákvörðun um mörk veiðisvæða.

<sup>1)</sup> L. 81/2008, 8. gr. <sup>2)</sup> L. 113/2015, 7. gr.

#### ■ 20. gr. Álaveiðar.

- Álaveiðar eru heimilar allt árið. Að álaveiðum skal jafnan þannig staðið að veiðar og gengd lax og silungs spillist eigi.

- [Ráðherra getur með reglugerð sett reglur um álaveiðar, m.a. um að banna eða takmarka álaveiðar um allt land eða á tilteknunum svæðum ef það er talið nauðsynlegt að mati Hafrannsóknastofnunar].<sup>1)</sup>

- Veiðifélög eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki eru veiðifélög, skulu setja nánari reglur um veiðitíma og veiðitakmarkanir í einstökum veiðivötnum. Slíkar reglur, nýtingaráætlun, skal [Fiskistofa]<sup>2)</sup> staðfesta að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar].<sup>3)</sup> Sinni veiðifélög eða veiðiréttarhafar ekki þessari skyldu sinni getur [Fiskistofa],<sup>1)</sup> að eigin frumkvæði, sett slíkar reglur. Í slíkum reglum skal m.a. kveðið

á um tíma- eða staðbundnar friðanir áls og gerð og frágang heimilla veiðitækja.

<sup>1)</sup> L. 29/2018, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 81/2008, 8. gr. <sup>3)</sup> L. 113/2015, 7. gr.

## ■ 21. gr. Ósaveiðar.

□ Eigi má veiða fisk með föstum veiðivélum í ósum í ár eða ósum í stöðuvötn og eigi 100 metra upp frá slíkum ósum eða 250 metra niður frá þeim. Eigi má heldur veiða fisk með föstum veiðivélum í ósum úr stöðuvötnum þeim er lax eða göngusilungur fer um né 50 metra upp eða niður frá slíkum ósum.

□ [Fiskistofa]<sup>1)</sup> getur, að ósk hlutaðeigandi veiðifélags eða veiðiréttarhafa, þar sem ekki eru veiðifélög, að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar],<sup>2)</sup> bannað eða takmarkað umfram það sem greinir í 1. mgr. alla veiði eða tilteknar veiði-aðferðir, þar með talið stangveiði, upp eða niður frá ósi, enda þyki slíkt nauðsynlegt vegna fiskigengdar og viðhalds veiði í vatninu.

□ Bann eða takmörkun veiði skv. 2. mgr. skal vera tíma-bundin, sé þess kostur. Ef sannað þykir að slíkt bann eða takmörkun valdi tilteknum veiðiréttarhafa tjóni umfram aðra skulu þeir veiðiréttarhafar við viðkomandi veiðivatn, sem bannið eða takmörkunin er fyrst og fremst til hagsbóta fyrir, bæta tjónið á grundvelli mats skv. VII. kafla laga þessara.

<sup>1)</sup> L. 81/2008, 8. gr. <sup>2)</sup> L. 113/2015, 7. gr.

## ■ 22. gr. Gönguhelgi.

□ Í straumvatni eða hluta straumvatns þar sem veiði er stunduð með föstum veiðivélum skal fiskur eiga frjálsa för eftir miðju vatni og nefnist þar gönguhelgi.

□ Gönguhelgi tekur yfir þriðjung af breidd straumvatns um miðbik og ósasvæði skv. 1. mgr. 21. gr. Þó skal fiskur eiga frjálsa för eftir aðalstraumlinu, þótt skemmra liggi frá bakka en nemur þriðjungi af breidd vatns.

□ Nú rennur straumvatn í kvíslum og skal þá haga veiði í hverri kvísl sem hún væri sérstakt vatn.

□ Nú greinir menn á um gönguhelgi eða aðalstraumlinu og skal þá skorið úr með mati skv. VII. kafla laga þessara.

## ■ 23. gr. Veiðar við fiskvegi.

□ Ekki má veiða eða styggja fisk í fiskvegi eða fiskteljara nær neðra mynni þeirra en 30 metrum og ekki nær efra mynni þeirra en 20 metrum. Ekki má spilla fiskvegum eða fiskteljurum eða tálma með nokkrum hætti fiskför að þeim né um þá. Veiðifélagi er þó heimilt, með samþykki [Fiskistofu],<sup>1)</sup> að setja aðrar reglur um veiðar í námunda við fiskvegi.

<sup>1)</sup> L. 81/2008, 8. gr.

## ■ 24. gr. Svæðisbundin friðun lax og göngu- og vatnasilungs.

□ Ef nauðsyn ber til að draga úr veiði eða friða heilt vatn eða hluta þess um tiltekinn tíma gegn allri veiði eða takmarka einstakar veiðiaðferðir í vatninu til verndar fiskstofnum þess getur [Fiskistofa]<sup>1)</sup> sett reglur um slíka friðun, að fenginni tillögu eða umsögn [Hafrannsóknastofnunar].<sup>2)</sup> Áður en slíkar reglur eru settar skal jafnan leita umsagnar viðkomandi veiðifélags eða veiðiréttarhafa, þar sem ekki er veiðifélag.

□ [Með sömu skilmálum og greinir í 1. mgr. er Fiskistofu heimilt, að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar],<sup>2)</sup> að setja reglur um friðun tiltekina svæða í vatni, þar sem fiskur safnast saman til hrygningar, eða vegna fyrirstöðu á göngu, enda sé veiði á þeim stöðum skaðleg fiskstofnum vatnsins.]<sup>3)</sup>

□ Friðun skv. 2. mgr. getur ýmist verið bundin við tiltekinn tíma eða ótmábundin. Ef sannað þykir að bann eða takmörkun valdi tilteknum veiðiréttarhafa tjóni umfram aðra skulu þeir veiðiréttarhafar við viðkomandi veiðivatn, sem bannið

eða takmörkunin er fyrst og fremst til hagsbóta fyrir, bæta tjónið. Ef eigi semst skal ákveða bætur með mati skv. VII. kafla laga þessara.

<sup>1)</sup> L. 81/2008, 8. gr. <sup>2)</sup> L. 113/2015, 7. gr. <sup>3)</sup> L. 157/2012, 20. gr.

## ■ 25. gr. Eyðing fisks.

□ Ef rétt þykir að eyða fiski eða lagardýrum úr veiðivatni vegna sjúkdóma eða sníkjudýra getur [Fiskistofa]<sup>1)</sup> heimilað slíkt. Skal áður aflað umsagnar viðkomandi veiðifélags eða veiðiréttarhafa, þar sem ekki eru veiðifélög, [Hafrannsóknastofnunar],<sup>2)</sup> Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og fisksjúkdómanefndar. Ef nauðsyn ber til skal kveða á um notkun tiltekinna efna við eyðingu fiskstofnsins, með þeim skilyrðum sem þurfa þykir.

<sup>1)</sup> L. 81/2008, 8. gr. <sup>2)</sup> L. 113/2015, 7. gr.

## ■ 26. gr. Veiðar í klak- og víssindaskyni og merkingar vatnafiska.

□ Heimilt er veiðifélögum að veiða lax eða silung til hrognatöku vegna fiskræktar enda liggi fyrir samþykkt fiskræktarætlun, sbr. lög um fiskrækt. Þá getur [Fiskistofa]<sup>1)</sup> heimilað veiðiréttarhöfum, þar sem ekki er veiðifélag, að veiða lax eða silung til hrognatöku í sama skyni. Eru slíkar veiðar undanþegnar ákvæðum III. og IV. kafla laga þessara en um nánari framkvæmd þeirra fer eftir lögum um fiskrækt.

□ [Fiskistofa]<sup>1)</sup> getur heimilað þeim er rannsóknir stunda á lífríki ferskvatns veiðar ferskvatnsfiska í víssindaskyni, þar með talið í eignarlöndum. Eru slíkar veiðar undanþegnar ákvæðum III. kafla laga þessara um veiðistjórn og ákvæðum IV. kafla um veiðitæki og veiðiaðferðir.

□ Til veiða í víssindaskyni þarf veiðiskírteini sem [Fiskistofa]<sup>1)</sup> gefur út á nafn einstaklings, eða stofnunar ef rannsóknir eru stundaðar á hennar vegum. [Fiskistofu]<sup>1)</sup> er heimilt að gera ákveðnar kröfur um færni og kunnáttu þeirra sem óska eftir veiðiskírteini. Skal skírteinið gilda tímabundið. Að jafnaði skal tiltekið til hverra veiðivatna rannsókn tekur. Ef sérstaklega stendur á, t.d. þar sem rannsóknir eru stundaðar á landsvísu eða afmörkuðum svæðum landsins, er ekki þörf slíkrar tilgreiningar. Veiðar í víssindaskyni skulu, eftir því sem kostur er, stundaðar í samráði við veiðifélög eða veiðiréttarhafa, þar sem ekki eru veiðifélög.

□ Handhafa veiðiskírteinis er ekki heimilt að hagnýta sér í eigin þágu þann fisk sem veiddur er í víssindaskyni. Veiðiréttarhafa er heimilt að hagnýta sér aflann, en ber að öðru leyti ekki endurgjald vegna slíkrar veiði.

□ [Fiskistofa]<sup>1)</sup> veitir heimildir til merkinga á vatnafiskum með skilyrðum sem hún setur og heldur gagnabanka um merkingar. Eigendur veiðiréttar og þeir sem veiði stunda skulu skila merkjum til [Fiskistofu],<sup>1)</sup> í samræmi við reglur sem stofnunin setur.

□ [Fiskistofa]<sup>1)</sup> getur sett reglur um upprunamerkingu á þeim laxi sem boðinn er til sölu og gert sérstakar kröfur um merkingar á stangveiddum slátruðum laxi sem veiddur er í ám. [Fiskistofa]<sup>1)</sup> leggur þá til slík merki, hagsmunaaðilum að kostnaðarlausu.

<sup>1)</sup> L. 81/2008, 8. gr.

## IV. kafli. Um veiðitæki og veiðiaðferðir.

### ■ 27. gr. Veiðitæki og veiðiaðferðir í straumvatni.

□ Í straumvatni má við veiðar aðeins nota fær, stöng, lagnet og króknet.

□ Ekki má í straumvatni veiða fisk með krók eða sting eða í háf. Þó má nota þessi tæki til þess að bjarga á land fiski sem fastur er á öngli eða í neti. Ekki má veiða fisk með því að veita af honum vatni.

□ [Fiskistofa]<sup>1)</sup> getur, að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar],<sup>2)</sup> heimilað veiðifélagi eða veiðiréttarhafa ádráttarveiði á göngusilungi á veiðisvæði sínu. Ádráttarveiði á laxi er einungis heimil í vísindaskyni og til óflunar klakfisks. [Fiskistofu]<sup>1)</sup> er einnig heimilt að leyfa veiði með girðingum og kistum þar sem sérstaklega hagar til, enda setji hún með sama skilorði ákvæði um gerð og notkun þessara veiðitækja umfram það sem segir í lögum þessum.

□ Ekki er heimilt að stunda samhliða veiði á stöng og veiði með föstum veiðivélum eða ádrætti á sama svæði í straumvatni eða svæði stöðuvatns þar sem göngufiskur fer um.

<sup>1)</sup> L. 81/2008, 8. gr. <sup>2)</sup> L. 113/2015, 7. gr.

### ■ 28. gr. Fastar veiðivélar í straumvatni.

□ Lagnet og króknet skulu liggja frá bakka eða garði er gengur þvert á straum út frá bakka, beint út í straumvatn eða forstreymis. Leiðara má hafa frá krók, og telst hann hluti veiðivélar. Ekki má leggja lagnet svo að af verði gildra, og ekki má nota tvöföld net.

□ Á tímabilinu frá 20. maí til 30. september ár hvert mega net þau er í 1. mgr. greinir, á þeim svæðum sem lax gengur um, ekki vera smáriðnari en svo að 4,5 cm séu á milli hnúta, þegar net eru vot, og á sama við um leiðara frá krókneti eða öðrum föstum veiðivélum.

□ Veiðifélag setur reglur um gerð og möskvastærð silungs-veiðineta á félagssvæði sínu ef ætlunin er að stunda þar neta-veiðar á silungi. Slíkar reglur skulu samþykktar af [Fiskistofu],<sup>1)</sup> að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar].<sup>2)</sup>

□ Milli fastra veiðivéla, hvort sem þær eru sönum megin í straumvatni eða ekki, skal jafnan vera hundrað metra bil eftir endilöngu vatni, þar sem skemmt er á milli þeirra. Þó má bil aldrei vera skemmta en fimmföld lengd veiðivéla frá bakka og út á vatn. Til fastrar veiðivélar telst fjarlægð hennar frá bakka straumvatns, svo og leiðari.

□ Ekki má fjölgja föstum veiðivélum frá því sem var síðustu fimm árin fyrr gildistöku laga nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði. [Fiskistofa] getur þó, ef sérstaklega stendur á og að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar],<sup>2)</sup> heimilað fjölgun lagna.]<sup>3)</sup>

□ [Ef heimil veiðitæki samkvæmt lögum þessum þykja stofna viðgangi fiskstofns í veiðivatni í hættu er Fiskistofu heimilt að fækka föstum veiðivélum í því vatni. Skal áður aflað umsagnar [Hafrannsóknastofnunar]<sup>2)</sup> og viðkomandi veiðifélags eða veiðiréttarhafa, þar sem ekki er veiðifélag.]<sup>3)</sup>

□ Ef sannað þykir að ákværðanir [Fiskistofu]<sup>1)</sup> skv. 5. mgr. valdi tilteknun veiðiréttarhafa tjóni umfram aðra veiðiréttarhafa í sama veiðivatni skulu þeir veiðiréttarhafar, sem ákvörðunin er fyrst og fremst til hagsbóta fyrr, bæta tjónið. Skulu bætur ákveðnar með mati skv. VII. kafla laga þessara, ef eigi semur.

<sup>1)</sup> L. 81/2008, 8. gr. <sup>2)</sup> L. 113/2015, 7. gr. <sup>3)</sup> L. 157/2012, 20. gr.

### ■ 29. gr. Stangveiði í straumvatni.

□ Við veiði með færi og stöng skal nota agn, lifandi eða dautt, sem fiskur eltir og tekur. Aldrei má við slíka veiði nota krækjur eða neitt annað sem festir í fiski honum að óvörum og án þess að hann elti það.

□ Veiðifélag eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki eru veiðifélagi, skulu setja nánari reglur um stangveiði á veiðisvæði sínu [fyrr tilgreindan árafjölda].<sup>1)</sup> Slíkar reglur, nýtingaráætlun, skal [Fiskistofu]<sup>2)</sup> staðfesta að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar].<sup>3)</sup> Sinni veiðifélag eða veiðiréttarhafar ekki þessari skyldu sinni getur [Fiskistofa],<sup>2)</sup> að eigin frumkvæði, sett slíkar reglur.

□ Í reglum skv. 2. mgr. skal kveða á um eftirfarandi atriði:

- a. fjölda stanga sem á má veiða hverju sinni,
- b. aðra tilhögun veiði sem nauðsynleg þykir.

□ Ef ágreiningur ríss um skiptingu veiðitíma, veiðistaði eða endurgjald fyrir stangveiði milli veiðiréttarhafa er þeim sem telur sig vanhaldinn heimilt að krefjast mats skv. VII. kafla laga þessara, ef eigi semur.

<sup>1)</sup> L. 14/2014, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 81/2008, 8. gr. <sup>3)</sup> L. 113/2015, 7. gr.

### ■ 30. gr. Veiðitæki og veiðiaðferðir í stöðuvötnum.

□ Í stöðuvatni má við veiðar aðeins nota færi, dorg, stöng, lóð, lagnet og ádráttarnet. Í almenningi stöðuvatns er ádráttarveiði þó óheimil.

□ Ekki má í stöðuvatni veiða fisk með krök eða sting eða í háf. Þó má nota þessi tæki til þess að bjarga á land fiski sem fastur er á öngli eða í neti.

□ Veiðifélag eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki eru veiðifélagi, skulu setja nánari reglur um veiði á veiðisvæði sínu. Slíkar reglur, nýtingaráætlun, skal [Fiskistofa]<sup>1)</sup> staðfesta að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar].<sup>2)</sup> Sinni veiðifélag eða veiðiréttarhafar ekki þessari skyldu sinni getur [Fiskistofa],<sup>1)</sup> að eigin frumkvæði, sett slíkar reglur.

□ Í reglum skv. 3. mgr. er m.a. heimilt að kveða á um eftirfarandi atriði:

- a. undanþágu til notkunar annarra veiðitækja en greinir í 1. mgr.,
- b. fjölda, gerð og notkun þeirra veiðitækja sem leyfð eru,
- c. lágmarksstærð fisks sem veiða má,
- d. fjarlægð stangveiði frá föstum veiðivélum,
- e. undanþágu frá banni við ádrætti í almenningi stöðuvatns.

□ Fari lax og göngusilungur um stöðuvatn skulu gilda um það sömu reglur og um straumvötn með tilliti til staðsetningar farsta veiðivéla og gönguhelgi. Að öðru leyti gilda reglur laga þessara um veiði í straumvötnum um veiði í stöðuvötnum eftir því sem við getur átt.

<sup>1)</sup> L. 81/2008, 8. gr. <sup>2)</sup> L. 113/2015, 7. gr.

### ■ 31. gr. Tæki og aðferðir við veiðar göngusilungs í sjó.

□ Veiða má göngusilung í netlögum sjávarjarða á færi, stöng og í lagnet. Við þær veiðar má ekki nota nein þau veiðitæki sem ætuð eru til laxveiða.

### ■ 32. gr. Reglugerðarheimild.

□ Ráðherra skal í reglugerði<sup>1)</sup> setja nánari fyrirmæli um veiðitæki og veiðiaðferðir samkvæmt kafla þessum, þ.m.t. um merkingu fastra veiðivéla.

□ [Fiskistofa] getur, að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar],<sup>2)</sup> með reglum heimilað notkun annarra veiðitækja og aðrar veiðiaðferðir en greinir í kafla þessum, enda skaði slíkt hvorki lífríki vatns, fiskigengd né fiskför.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 449/2013. <sup>2)</sup> L. 113/2015, 7. gr. <sup>3)</sup> L. 157/2012, 20. gr.

### V. kaffli. Um fiskvegi og aðra mannvirkjagerð í og við veiðivötun.

#### ■ 33. gr. Um heimild til mannvirkjagerðar í veiðivötnum.

□ Séhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi [Fiskistofu].<sup>1)</sup> Um byggingarleyfis- og framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir fer einnig samkvæmt [skipulagslögum og lögum um mannvirkjum]<sup>2)</sup> og reglum settum samkvæmt þeim.

□ Með umsókn framkvæmdaraðila eða landeiganda til [Fiskistofu]<sup>1)</sup> um leyfi til framkvæmda við ár og vötn skulu

fylgja álit viðkomandi veiðifélags þegar það á við og umsögn sérfræðings á svíði veiðimála um hugsanleg áhrif framkvæmdar á lífríki veiðivatns. Leyfi [Fiskistofu]<sup>1)</sup> skal aflað áður en ráðist er í framkvæmd.

□ Ef sérstök ástæða þykir til getur [Fiskistofa]<sup>1)</sup> krafist þess að framkvæmdaraðili láti gera líffræðilega úttekt á veiðivatni áður en leyfi til framkvæmdar er veitt. [Fiskistofa]<sup>1)</sup> getur í slíkum tilvikum kveðið nánar á um til hvaða þáttu úttektin skuli ná.

□ Kostnaður vegna nauðsynlegra líffræðilegra úttekta skal greiddur af þeim sem óskar eftir leyfi til framkvæmda. [Fyrir útgáfu leyfis skv. 1. málsl. 1. mgr. greiðist gjald samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu, sbr. 5. gr. laga nr. 36/1992, um Fiskistofu, með síðari breytingum.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 81/2008, 8. gr. <sup>2)</sup> L. 123/2010, 57. gr. <sup>3)</sup> L. 67/2015, 13. gr.

### ■ 34. gr. *Fiskvegir.*

□ [Fiskistofa]<sup>1)</sup> getur, að fenginni umsögn [Hafrannósknastofnunar],<sup>2)</sup> heimilað veiðifélögum eða veiðiréttarhöfum, þar sem ekki er veiðiflag, að gera fiskveg eða önnur sambærileg mannvirkir í vatni eða meðfram vatni. Þar sem ekki er starfandi veiðiflag þarf ósk um slíkt að koma frá a.m.k. ½ veiðiréttarhafa.

□ Ráðherra getur heimilað veiðifélögum eða veiðiréttarhöfum skv. 1. mgr. að taka eignarnámi land, landsafnot, vatn eða afnot vatns sem með þarf til gerðar, starfrækslu og viðhalds fiskvegar eða annarra sambærilegra mannvirkja. Um bætur fer samkvæmt eignarnámsmati.

□ Með sömu skilyrðum og greinir í 1. mgr. getur [Fiskistofa]<sup>1)</sup> heimilað lokun fiskvegar, tímabundið eða ótímabundið.

□ Ef sannað þykir að beiting heimilda skv. 1. og 3. mgr. valdi tilteknum veiðiréttarhafa tjóni umfram aðra skulu þeir veiðiréttarhafar, sem ákvörðunin er fyrst og fremst til hagsbóta fyrir, bæta tjónið. Skulu bætur ákeðnar með mati skv. VII. kafla laga þessara, ef eigi semur.

<sup>1)</sup> L. 81/2008, 8. gr. <sup>2)</sup> L. 113/2015, 7. gr.

### ■ 35. gr. *Önnur mannvirkjagerð.*

□ Ef heimilud er á grundvelli annarra laga gerð mannvirkis sem tálmar fiskför í eða við veiðivatn er þeim sem heimild fær skylt að kosta gerð og viðhald fullnægjandi fiskvegar samkvæmt ákvæðum 34. gr.

□ Skylda til gerðar fiskvegar skv. 1. mgr. er ekki fyrir hendi ef sýnt er fram á með mati skv. VII. kafla laga þessara að gerð fiskvegarins og viðhald hafi til muna meiri kostnað í för með sér en sem nemur tjóni á veiði þeirra veiðiréttarhafa sem land eiga að veiðivatni ofan mannvirkis. Tjóni þeirra skal hins vegar sá bæta að fullu er heimild fær til mannvirkjagerðar.

□ Ef vatni er veitt úr eða í veiðivatn til áveitu, vatnsveit, vatnsaflsvirkjana eða annarra nota, sem ekki tengjast veiði eða fiskför, getur [Fiskistofa]<sup>1)</sup> sett það skilyrði að svo sé búið um hnútana að fiskur eða fiskseiði gangi ekki í skurði eða leiðslur. Kostnað, er af slíku hlýst, skal sá greiða er á eða hagsbóta nýtur af framkvæmdinni.

□ Hafi vatnsmiðun áhrif á vatnsmagn í veiðivatni skal ávallt haga henni þannig að sem minnst röskun hljótist af fyrir lífríki, fiskför og veiði. Rekstraraðila miðlunar er skylt að hafa samráð við veiðifélag eða veiðiréttarhafa, þar sem ekki er veiðifélag, um vatnsmagnsbreytingar sem fyrirhugðar eru á hverjum tíma og líklegar eru til að hafa áhrif á fiskför.

<sup>1)</sup> L. 81/2008, 8. gr.

### ■ 36. gr. *[Kæruleið og skaðabætur.]<sup>1)</sup>*

□ [Ákvárdanir Fiskistofu sem teknar eru samkvæmt þessum

kafla sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina.]<sup>1)</sup>

□ Ef sannað þykir að framkvæmd eða mannvirkjagerð í eða við veiðivatn spilli fiskigengd, lífríki veiðivatns eða öðrum þeim hagsmunum sem verndar njóta samkvæmt lögum þessum og slíkt veldur tilteknum veiðiréttarhafa tjóni, skal sá aðili er að framkvæmd stendur bæta tjónið. Skulu bætur ákeðnar með mati skv. VII. kafla laga þessara, ef eigi semur.

<sup>1)</sup> L. 131/2011, 1. gr.

### VI. kaffli. Um veiðifélög.

#### ■ 37. gr. *Starfsvettvangur veiðifélags og félagsaðild.*

□ Í því skyni að markmiðum laga þessara skv. 1. gr. verði náð er mónum skylt að hafa með sér félagskap um skipulag veiði í hverju fiskihverfi. Hlutverk slíks félags er m.a. eftirfarandi:

a. að sjá til þess að reglum laga þessara og samþykktum viðkomandi félags um veiðistjórnun og veiðiaðferðir sé framfylgt á félagssvæðinu,

b. að stunda fiskrækt á félagssvæðinu, eftir því sem þörf krefur, til að tryggja vöxt og viðgang fiskstofna og sjálfbæra nýtingu þeirra,

c. að skipta veiði eða arði af veiði milli félagsmanna í samræmi við rétt þeirra,

d. að ráðstafa rétti til stangveiði í fiskihverfi í heild eða að hluta með hagsmuni félagsmanna að leiðarljósi, en þó þannig að gætt sé markmiða laganna um sjálfbæra nýtingu,

[e. að nýta eignir veiðifélags og ráðstafa þeim með sem arðbærustum hætti fyrir félagsmenn; heimilt er veiðifélagi að ráðstafa eign félagsins utan veiðítíma og þá til skyldrar starfsemi],<sup>1)</sup>

[f.]<sup>1)</sup> að hafa að örðu leyti með höndum verkefni þau sem því eru falin í lögum og varða framkvæmd þeirra.

□ Félagsmenn veiðifélags eru allir þeir sem skráðir eru veiðiréttarhafar á félagssvæðinu skv. 12. gr., en um atkvæðirétt þeirra fer skv. 40. gr. [Félagsmenn bera ekki persónulega ábyrgð á fjárskuldbindingum veiðifélags].<sup>2)</sup>

□ Veiðifélag sem starfar samkvæmt lögum þessum skal taka til allrar veiði í umdæmi félagsins og eftir stofnun þess er öllum óheimilt að veiða í vatni á félagssvæðinu nema samkvæmt heimild frá félaginu.

□ Hafi veiðifélag ráðstafað í heild stangveiði á félagssvæði sínu er einstökum félagsmönnum skylt að veita aðgang að veiðistöðum fyrir landi sínu. Ávallt skulu þeir sem aðgengis njóta gæta þess að valda sem minnstri röskun á hagsmunum félagsmanns.

□ Ef nýr aðili tekur við veiðirétti skv. II. kafla laga þessara fyrir afsal eða á grundvelli ábúðarsamnings er þeim aðila skylt að gerast félagsmaður í veiðifélagi og taka á sig skuld-bindingar fráfarandi félagsmanns.

□ Sjálfstæðar eignir veiðifélags tilheyra þeim fasteignum á félagssvæðinu sem veiðirétt eiga, og í arðskrárlhlfalli.

□ Ráðherra skal í reglugerð<sup>3)</sup> setja nánari fyrirmæli um starfsemi veiðifélaga svo sem nánar er kveðið á um í kafla þessum.

<sup>1)</sup> L. 50/2015, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 14/2014, 2. gr. <sup>3)</sup> Rg. 345/2014.

#### ■ 38. gr. *Umdæmi veiðifélags.*

□ Umdæmi veiðifélags getur náð yfir heilt fiskihverfi, einstakt veiðivatn í fiskihverfi, hluta af veiðivatni, þar sem sérstaklega hagar til um veiði eða vatnskosti, eða veiðivötum á

afrétti sem eru hluti af einu eða fleiri fiskihverfum og eru á sama landsvæði.

□ [Fiskistofa]<sup>1)</sup> skal ákveða umdæmi veiðifélags að höfðu samráði við veiðiréttarhafa á væntanlegu félagssvæði.

□ Ef veiði hefst fyrir eða á landi fasteignar, sem liggar að fiskihverfi veiðifélags en er utan félagssvæðis, skal sú fasteign tilheyra félagssvæðinu, og er viðkomandi veiðiréttarhafa skylt að gerast félagi.

□ Ef félagssvæði er hluti straumvatns skal umdæmi félags ná svo langt upp með vatninu sem veiði er stunduð, nema sérstaklega standi á, t.d. vegna fiskrækta.

<sup>1)</sup> L. 81/2008, 8. gr.

#### ■ 39. gr. Stofnun veiðifélags.

□ Þar sem ekki er starfandi veiðifélag fyrir geta einn eða fleiri veiðiréttarhafar átt frumkvæði að stofnun veiðifélags og boðun stofnfundar, en að þeim frátöldum [Fiskistofa].<sup>1)</sup>

□ Til stofnfundar skal boða alla þekkta veiðiréttarhafa á fyrirhuguðu félagssvæði, sbr. 12. gr. Ráðherra skal í reglugerð<sup>2)</sup> setja nánari ákvæði um boðun stofnfundar og dagskrá hans. Til annarra funda en stofnfundar í veiðifélagi skal boða með sama hætti.

□ Á stofnundi skal setja veiðifélagi samþykkir sem hafa a.m.k. að geyma ákvæði um:

  a. nafn félags,

  b. heimilisfang og varnarþing,

  c. félagssvæði og skulu þar taldar upp allar þær fasteignir eða einstaklingar og lögaðilar sem veiðiréttindi eiga skv. II. kafla laga þessara,

  d. verkefni félagsins,

  e. skipun og starfssvið félagsstjórnar,

  f. málsmeðferðarreglur, reikninga félags og endurskoðun,

  g. skyldu til framlagninga fjárhagsáætlunar fyrir komandi starfsár á aðalfundi félags,

  h. meðferð afta félags eða arðs og greiðslu kostnaðar af starfsemi félags.

Ráðherra skal í reglugerð<sup>2)</sup> setja veiðifélögum fyrirmynnd að samþykkt í samræmi við efni málsgreinar þessarar.

□ Í samþykktum má ákveða að félag skuli starfa í deildum, enda taki hver deild yfir tiltekið veiðivatn eða hluta vatns. Hver deild ráðstafar þá veiði í sínu umdæmi með þeim skilyrðum sem aðalfundur félagsins setur.

□ Atkvæði  $\frac{2}{3}$  hluta allra atkvæðisbærra félagsmanna þarf til þess að samþykktir séu löglega gerðar eða þeim breytt. Sé fundarsókn ekki næg skal boða til annars fundar með sama hætti og að framan greinir, og ræður þar afl atkvæða.

□ Hafi veiðifélag ekki sett sér lögmætar samþykktir, þrátt fyrir ákvæði greinar þessarar, getur [Fiskistofa]<sup>1)</sup> sett félagi samþykktir sem gilda þar til lögmætar samþykktir hafa verið settar af félagini sjálfu.

□ Sá er vefengja vill lögmæti stofnaðs veiðifélags getur borið ágreining þar að lútandi undir dómtóla innan sex mánaða frá stofnfundi.

□ Samþykkt skv. 3. mgr. skal staðfest af [Fiskistofu]<sup>1)</sup> og birt í B-deild Stjórnartíðinda eftir að málskotsfrestur skv. 7. mgr. er liðinn.

<sup>1)</sup> L. 81/2008, 8. gr. <sup>2)</sup> Rg. 345/2014.

#### ■ 40. gr. Atkvæðisréttur í veiðifélagi.

□ Á félagssvæði veiðifélags fylgir eitt atkvæði hverri jörð sem veiðirétt á í samræmi við ákvæði laga þessara. Hið sama gildir um veiðifélag sem einungis tekur til veiðivatna á afréttum í þjóðlendu. Með jörð í framangreindum skilningi er átt

við þær jarðir, [þar á meðal eyðijarðir],<sup>1)</sup> sem fullnægðu skilyrðum laga til að teljast lögþýli við gildistöku eldri jarðalaga, nr. 65/1976.

□ Ef eigendur jarðar eða veiðiréttar eða ábúendur jarðar eru fleiri en einn skulu þeir gera með sér skriflegan samning um það hver fari með atkvæðisréttinn og skal það tilkynnt veiðifélagi með sannanlegum hætti. Hið sama gildir þegar jörð hefur löglega verið skipt í ákveðnum hlutföllum milli eigenda.

□ Þegar sameinaðar hafa verið jarðir, sem veiðirétt hafa, fylgir eitt atkvæði hinni sameinuðu jörð.

□ Þegar veiðiréttur hefur löglega verið skilinn frá jörð, eða land hefur verið fellt úr tölu jarða með samþykki réttra yfirvalda, skal eitt atkvæði koma fyrir þá jörð eða það land sem veiðirétturinn tilheyroi upphaflega.

□ Ef landareign er leigð samkvæmt ábúðarlögum skal ábúandi fara með atkvæðisrétt ábúðarjarðar sinnar, nema á annan veg hafi verið samið, sbr. 3. mgr. 5. gr.

□ Félagsmaður má fela öðrum að fara með atkvæði sitt, enda sé umboðið skriflegt og ekki eldra en þriggja mánaða. Geta skal umboðsins í fundargerðabók.

□ Ef lagt er fyrir fund í veiðifélagi að ráðast vegna starfsemi félagsins í framkvæmdir, sem hafa fjárvítlát í för með sér er nema a.m.k. 25% af tekjum félags af veiði á því starfsári, getur hver félagsmaður krafist þess að ákvörðun ráðist með greiðslu atkvæða er hafi vægi í samræmi við arðskrá félagsins. Gildir þá hver eining í arðskrá sem eitt atkvæði. Í samþykktum veiðifélags er heimilt að ákveða að regla þessi um atkvæðagreiðslur gildi í fleiri tilgreindum tilvikum sem varða ákváðanatökum í veiðifélagi.

□ Um málefni, sem ekki er sérstaklega kveðið á í lögum eða samþykktum félags, ræður afl atkvæða.

<sup>1)</sup> L. 119/2009, 1. gr.

#### ■ 41. gr. Arðskrá.

□ Veiðifélagi er skylt að láta gera skrá er sýni hluta þann af veiði eða arð af veiði sem koma skal í hlut hvorrar fasteignar, lögaðila eða einstaklings er veiðirétt á í vatni á félagssvæði.

□ Við niðurjöfnun veiði eða úthlutun arðs af henni skal m.a. taka tillit til:

  a. aðstöðu til netaveiði og stangveiði,

  b. landlengdar að veiðivatni, vatnsmagns og stærðar vatnsbotns og

  c. hrygningar- og uppeldisskilyrða fisks.

□ Arðskrá skal leggja fram til samþykktar eða synjunar félagsmannna á löglega boðuðum félagsfundi. Um arðskrá skal greiða atkvæði, og þarf atkvæði  $\frac{2}{3}$  hluta allra atkvæðisbærra félagsmannna til samþykktar henni. Sé fundarsókn ekki næg skal boða til annars fundar með sama hætti og að framan greinir, og ræður þá afl atkvæða.

□ Ef arðskrá er ekki samþykkt ber stjórn veiðifélags að óska eftir mati skv. VII. kafla laga þessara um þau atriði sem greinir í 1. mgr. Einnig er sérhverjum félagsmanni rétt að krefjast mats með framangreindum hætti, enda komi sú krafa fram innan tveggja mánaða frá fundi þar sem arðskrá hefur verið samþykkt.

□ Arðskrá skv. [1.–3. mgr.]<sup>1)</sup> skal staðfest af [Fiskistofu]<sup>2)</sup> og birt í B-deild Stjórnartíðinda eftir að málskotsfrestur skv. 4. mgr. er liðinn. . . .<sup>1)</sup> Komi fram krafa um mat gildir eldri arðskrá ef henni er til að dreifa þar til matsgerð skv. VII. kafla laga þessara liggr fyrir og arðskrá á grundvelli hennar hefur verið staðfest og birt.

- Heimilt er veiðifélagi samkvæmt ákvörðun félagsfundar eða stjórnar, svo og einstökum félagsmönnum, að krefjast endurskoðunar á arðskrá átta árum eftir gildistöku hennar.
- Nánari fyrirmæli um arðskrár skal ráðherra setja í reglugerð.<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 14/2014, 3. gr. <sup>2)</sup> L. 81/2008, 8. gr. <sup>3)</sup> Rg. 403/2012.

#### ■ 42. gr. Nánari ákvæði um starfshætti veiðifélags.

- Kostnað af starfsemi veiðifélags skulu félagsmenn greiða í því hlutfalli sem þeir taka arð.
- Félagsstjórn skal senda [Fiskistofu]<sup>1)</sup> samþykkir viðkomandi veiðifélags og arðskrá til staðfestingar.
- Skylt er stjórni veiðifélags að gefa [Fiskistofu]<sup>1)</sup> skýrslu um starfsemi félagsins og þau atriði önnur sem stofnunin kann að óska eftir og henni eru nauðsynleg við framkvæmd laga þessara.
- Aðalfund veiðifélags skal halda árlega fyrir 1. júní ár hvert og aukafundi eftir þörfum. Boði félagsstjórn ekki til aðalfundar fyrir 1. september ár hvert er þeim sem fund vilja halda heimilt að boða hann. Nánari ákvæði um slíka fundi skal ráðherra setja í reglugerð.<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 81/2008, 8. gr. <sup>2)</sup> Rg. 345/2014.

#### ■ 43. gr. Kærheimild.

- Nú greinir félagsmenn veiðifélags á um lögmaeti ákvörðunar sem tekin hefur verið á fundi veiðifélags eða af félagsstjórn og getur þá hver félagsmaður kært ákvörðunina til [Fiskistofu]<sup>1)</sup> innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun var tekin.
- [Fiskistofa]<sup>1)</sup> skal hafa lokið afgreiðslu málss innan tveggja mánaða frá því að kæra barst.
- Reynist hin kærða ákvörðun ólögmæt fellir [Fiskistofa]<sup>1)</sup> hana úr gildi. Ákvörðun [Fiskistofu]<sup>1)</sup> samkvæmt þessari grein verður ekki kærð til ráðherra.

<sup>1)</sup> L. 81/2008, 8. gr.

### VII. kaffli. Um matsgerðir og skaðabætur.

#### ■ 44. gr. Skipan matsnefndar o.fl.

- [Ráðherra]<sup>1)</sup> skipar þrjá menn og jafnmarga til vara í matsnefnd til fjögurra ára í senn. [Einn skal skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar og einn samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands og skulu þeir uppfylla almenn hafisskilyrði héraðsdómara.]<sup>2)</sup> Einn nefndarmaður skal skipaður að tilnefningu stjórnar Landssambands veiðifélaga. Nefndin skiptir með sér störfum. . . .<sup>2)</sup>
- Ráðherra er heimilt að framlengja starfstíma matsnefndar um sex mánuði til þess að ljúka þeim málum sem nefndin hafði til meðferðar þegar ráðherra skipar nýja menn í nefndina.
- Heimilt er matsnefndinni að kveðja sérfræðinga sér til aðstoðar ef þörf þykir. Henni er einnig heimilt að leita eftir áliti eða rannsóknnum sérfræðinga eða rannsóknastofnana á lífríki vatns þar sem það hefur þýðingu fyrir úrlausn málss.
- Ráðherra ákveður tímagjald matsmannna og starfsmanns nefndarinnar. Laun og annar kostnaður af starfsemi matsnefndar greiðist með fjárveitingum af fjárlögum. Við ákvörðun matskostnaðar skv. 47. gr. skal miðað við að hann standi almennt undir kostnaði af starfsemi matsnefndarinnar.
- Matsnefnd er heimilt að ráða sér starfsmann.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 428. gr. <sup>2)</sup> L. 47/2011, 1. gr.

#### ■ 45. gr. Beiðni um úrskurð eða matsgerð.

- Ef félagsmenn í veiðifélagi greinir á um arðskrá verður ágreiningi þar að lútandi skotið til matsnefndar í samræmi við 4. og 6. mgr. 41. gr.

- Nú greinir menn á um hvar um sé að tefla sjó, straumvatn, stöðuvatn, á, ós, ósasvæði, kvísl, ál eða takmörk fiskihverfis og er þá heimilt að bera ágreininginn undir úrskurð matsnefndar.

- Matsnefnd fer að auki með önnur þau verkefni sem henni eru falin lögum samkvæmt.

- Beiðni um úrskurð um ágreiningsefni skal vera skrifleg og skal ágreiningsefnið skýrt afmarkað. Beiðninni skulu fylgja öll nauðsynleg gögn.

#### ■ 46. gr. Málsmeðferð.

- Matsnefnd skal ákveða fyrirtöku málss með a.m.k. viku fyrirvara með skriflegr tilkynningu til veiðifélags og eigenda veiðiréttar, sem málið beinlínis varðar, í ábyrgðarbréfi, símskeyti eða með öðrum trygglegum hætti. Matsnefnd getur þess í stað óskað eftir því við hlutadeigandi veiðifélag að það annist tilkynningu til allra eigenda veiðiréttar um fyrirtöku málss. Ef ekki þykir nægilega ljóst fyrir fram hvaða aðilar eigi beinna hagsmuna að gæta skal birta tilkynningu um fyrirtöku málss í Lögþirtingablaði.

- Við fyrstu fyrirtöku málss skal skorað á aðila að upplýsa hvort þeir geri athugasemdir við hæfi nefndarmanna til meðferðar málss. Þá skal og farið yfir afmörkun ágreiningsefnis sem til úrlausnar er og ákvarðar nefndin það nánar sé ástaða til.

- Um meðferð málss fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslu-laga sé ekki á annan veg mælt fyrir í lögum þessum.

- Matsnefnd skal ganga á vettvang að tilkvöddum málsaðilum samkvæmt ákvörðun nefndarinnar.

- Matsnefnd skal í rökstuddum skriflegum úrskurði gera grein fyrir niðurstöðu sinni. Form og efni úrskurðarins skal vera í samræmi við 31. gr. stjórnsýslulaga eftir því sem við getur átt. Úrskurð skal birta með sama hætti og segir í 1. mgr.

#### ■ 47. gr. Kostnaður af matsgerð.

- Í úrskurði matsnefndar skal kveðið á um kostnað af meðferð málss og skiptingu hans á aðila og rennur hann í ríkissjóð. Veiðifélag skal að jafnaði bera kostnað af endurskoðun arðskrár.

- Til málskostnaðar telst allur kostnaður af matinu, þ.m.t. laun matsmannna samkvæmt tímaskýrslu og sérfræðinga skv. 3. mgr. 44. gr., ferðakostnaður og annar kostnaður, svo og laun starfsmanns nefndarinnar samkvæmt tímaskýrslu.

#### ■ 48. gr. Úrskurðir matsnefndar og málshöfðunarfrestrur.

- Matsnefnd skv. 1. mgr. 44. gr. er sjálfstæð í störfum sínum og verður úrskurðum hennar ekki skotið til annarra stjórnvalda.

- Vilji aðili bera úrskurð nefndarinnar undir dómstóla skal hann höfða mál innan sex mánaða frá því að honum var birtur úrskurður nefndarinnar. Málshöfðun frestar ekki réttaráhrifum úrskurðar.

#### ■ 49. gr. Bótaskyld skerðing á veiðirétti.

- Nú hafa lagaákvæði leitt til þess að veiði veiðieiganda skerðist verulega og að mun umfram aðra eigendur veiði í sama fiskihverfi, og á hann þá rétt til bóta úr ríkissjóði eftir mati.

- Nú leiðir ákvörðun veiðifélags um veiði og friðun til þess að veiðieigandi verður að mun öðrum fremur fyrir tjóni og á hann þá rétt til bóta úr hendi annarra veiðieigenda á félagssvæðinu, á meðan suð ákvörðun gildir. Skulu bætur þessar vera árgjald sem ákveðið er með mati, ef ekki semur. Ákveða má þeim er tjóni hefur beðið bætur með því að úthluta honum arði í arðskrá. Stjórn veiðifélags er skyld að annast innheimtu bóta á félagssvæðinu.

Um ákvörðun bótafjárhæðar, greiðslu bóta og endurgjald, er greinir í lögum þessum, skal eftir því sem við á fara eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.

### VIII. kafli. Refsi- og réttarfarsákvæði.

#### ■ 50. gr. Um refsingar.

Það varðar mann sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, ef miklar sakir eru, ef:

- a. hann veiðir án leyfis í vatni annars manns,
- b. hann er staðinn að því að vera með veiðarfæri við veiðivatn annars manns fyrir utan venjulega vegi, nema sannad sé að hann hafi átt þar lögmæt erindi,
- c. hann veiðir á tíma þegar veiði er bönnuð eða á stöðum þar sem veiði er bönnuð,
- d. hann notar veiðitæki eða veiðiaðferðir sem bannað er að nota eða fylgir ekki settum reglum um tilhögun veiðitækja eða um veiðiaðferð,
- e. hann veiðir fisk sem er minni en leyft er að veiða eða sleppir ekki veiddum fiski er sleppa skal,
- f. hann brýtur ákvæði 1. eða 3. mgr. 27. gr., 28. gr., 1. mgr. 29. gr., 1. eða 2. mgr. 30. gr., [1. mgr. 33. gr.],<sup>1)</sup>
- g. hann spillir fiskvegi eða tálmar á ólögmætan hátt fiskför um vatn,
- h. hann notar sprengiefni, skotvopn, rafmagn, eitruð efni eða deyfandi eða veitir vatni af fiski við veiði,
- i. hann hlítir ekki settum reglum um veiðifélög eða samþykktum þeirra.

<sup>1)</sup> L. 119/2009, 2. gr.

#### ■ 51. gr. Um fullframmingarstig brota.

Brot þau er getur í c-, d- og h-liðum 50. gr. teljast fullframin jafnskjótt og veiðarfæri er komið að veiðistað, nema sannað sé að það hafi verið flutt þangað í lögmætum tilgangi.

#### ■ 52. gr. Um skaðabótarétt brotapol.

Nú veiðir maður án leyfis í vatni annars manns, og skal sá er misgert var við fá allt veiðifang eða andvirði þess auk bóta fyrir annað tjón sem hann kann að hafa orðið fyrir.

#### ■ 53. gr. Um upptöku veiðitækja og ólöglegs aflat.

Ólögleg veiðitæki og veiðitæki, sem notuð eru með ólöglegum haetti, skulu gerð upptæk. Eins fer um ólöglegt veiðifang, sbr. þó 52. gr.

#### ■ 54. gr. Um ráðstöfun sektarfjárár.

Sektir samkvæmt lögum þessum og andvirði upptækra veiðitækja renna í ríkissjóð.

#### ■ 55. gr. Stjórnvaldssektir.

Löggregla og Landhelgisgæsla Íslands geta lagt stjórnvaldssekt að fjárhæð 50.000 kr. á skipstjóra eða hvern þann sem veitt hefur lax í sjó og af ásetningi eða gáleysi ekki sleppt honum strax aftur. Ef brot er stórfellt má leggja á hinn brotlega 200.000 kr. stjórnvaldssekt. Sektir samkvæmt þessari grein renna í Landhelgissjóð Íslands.

### IX. kafli. Gildistaka o.fl.

#### ■ 56. gr. Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006.

Ákvæðum VII. kafla skal einvörðungu beitt um mál sem koma til meðferðar matsnefndar eftir gildistöku laganna. Sé mál endurupptekið eftir gildistöku laga þessara skal beita lögnum um þau mál upp frá því.

Þau mál sem eru til meðferðar hjá matsmönnum og yfirmatsmönnum skv. 2. og 3. mgr. 101. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, þegar lög þessi taka gildi, skal til lykta leiða af þeim matsmönnum samkvæmt ákvæðum laga nr. 76/1970, með síðari breytingum.

Mati skv. 2. mgr. 101. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, má skjóta til matsnefndar áður en liðnir eru tveir mánuðir frá birtingu mats.

Mat skv. 3. mgr. 101. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, verður borið undir matsnefnd í samræmi við ákvæði 2. mgr. 45. gr. laga þessara.

...

#### ■ 57. gr. ...

### Ákvæði til bráðabirgða.

#### ■ I.

Frá gildistöku laga þessara og til loka ársins 2010 skal starfa samráðsnefnd um framkvæmd þeirra, laga um [fiskeldi],<sup>1)</sup> laga um Veiðimálastofnun, laga um fiskrækt og laga um varnir gegn fisksjúkdóum. Hlutverk samráðsnefndar er að fylgjast með og stuðla að greiðri framkvæmd og virkum skoðanaskiptum þeirra er lögin varða helst. Nefndin skal skipuð af [sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]<sup>2)</sup> og í henni sitja [tólf]<sup>1)</sup> fulltrúar tilnefndir af eftirtöldum aðilum: Landssambandi veiðifélaga, Landssambandi stangaveiðifélaga, Landssambandi fiskeldiss töðva, Félagi eigenda sjávarjarða, fisksjúkdómanefnd, Veiðimálastofnun, [Matvælastofnun],<sup>2)</sup> Fiskistofu, umhverfisráðuneyti, [Hafrannsóknastofnunni] og Sambandi íslenskra sveitarfélaga].<sup>1)</sup> Þá skipar [sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]<sup>2)</sup> einn nefndarmann án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. [Sker atkvæði formanns úr ef ágreiningur verður í nefndinni].<sup>1)</sup>

Samráðsnefnd skv. 1. mgr. skal innan 18 mánaða frá gildistöku laga þessara og í samráði við hagsmunaaðila móta framtíðarstefnu um netaveiði á laxi og silungi og skila til lögum þar að lútandi til [sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra],<sup>2)</sup> eftir atvikum í formi lagafrumvarps.

<sup>1)</sup> L. 81/2008, 11. gr. <sup>2)</sup> L. 167/2007, 72. gr.

#### ■ II.

Samþykktum einstakra veiðifélaga skal breytt til samræmis við fyrirmáli og reglur laga þessara, í síðasta lagi innan árs frá gildistöku þeirra.